

AUGLÝSING

um skipulag í Grímseyjarhreppi.

Eftir beiðni hreppsnefndar Grímseyjarhrepps í Eyjafjarðarsýslu og tillögu skipulagsstjóra ríkisins hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 17. gr. laga nr. 55/1921, ákveðið, að lög nr. 55/1921 skuli framvegis taka til Grímseyjar.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 19. desember 1962.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Nr. 223.

21. desember.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Þorláks Jónssonar, Ingibjargar Bjarnadóttur og Sigríðar Bjarnadóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 21. desember 1962.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Þorláks Jónssonar, Ingibjargar Bjarnadóttur og Sigríðar Bjarnadóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Þorláks Jónssonar, Ingibjargar Bjarnadóttur og Sigríðar Bjarnadóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður samkvæmt erfðaskrá Bjarna Þorlákssonar, trésmiðs, Grettisgötu 35, Reykjavík, til minningar um foreldra hans, hjónin Þorlák Jónsson, hreppstjóra, og Ingibjörgu Bjarnadóttur, Þórukoti, Álftanesi, og móðursystur hans, Sigríði Bjarnadóttur, Ketilshliði, Álftanesi.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins eru eftirlátnar eigur Bjarna Þorlákssonar.

4. gr.

Systurdóttir stofnandans, Lovisa Lúðvíksdóttir, — en hún sá um heimili hans í 35 ár — skal, meðan hún lifir, njóta framfærslueyris úr sjóðnum eftir ákvörðun sjóðsstjórnar.

Að henni látinni skal fé sjóðsins varið til kaupa á herbergjum í líknarstofnun, og skulu herbergin bera nafn stofnanda og þeirra venzlamanna hans, er í 1. gr. getur. Nú verða herbergi keypt í elliheimili eða annari stofnun og skal þá fólk úr Bessastaðahreppi í Gullbringusýslu ganga fyrir um vist þar, eftir því sem við verður komið.

5. gr.

Stjórnendur sjóðsins skulu samkvæmt erfðaskránni vera þeir Gizur Bergsteins-son, hæstaréttardómari, Nesvegi 6, og Jónas Guðmundsson, framkvæmdastjóri, Reyni-mel 28. Varamenn þeirra skulu vera þeir Karl Lúðvíksson, apótekari, Háteigsvegi 1, og Lúðvík Gizurarson, hæstaréttarlögmaður, Hávallagötu 5.

Nú hefur fé sjóðsins ekki verið ráðstafað samkvæmt ákvæðum 4. gr. er menn þessir falla frá og skal þá stjórn sjóðsins falin landlækni og presti þeim, er þjónar Bessastaðakirkju.

6. gr.

Sjóðinn skal ávaxta á þann hátt, sem stjórnendur hans telja öruggan og skulu reikningar sjóðsins gerðir árlega og endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og birta hans í B-eild Stjórnartíðinda.

Reykjavík, 12. desember 1962.

Gizur Bergsteinsson. Jónas Guðmundsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 78 27. maí 1960, um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi.

1. gr.

Eftirtaldar vörur falli niður úr 1. gr. reglugerðarinnar:

Tollskrá:

Kafli.	Nr.	Vörutegund:
11	2	Hálfsigtimjöl.
20	5	Aldinsulta og aldinhlaup (gelé).
	6	Aldinmauk (marmelade).
	9	Saft úr ávöxtum og jurtahlutum.
49	12—15	Gólfábreiður, gólfmottur og dreglar úr hör, hampi, jútu og öðrum jurtas-punaefnum, ót. a.
59	5	Vegg- og góflögur úr leir.
	7	Baðker, þvottaskálar, vaskar, salerni og þvagskálar o. þ. h. munir úr leir og hlutar til þeirra.
	8	Blómsturpottar, óskreyttir, svo og vatnsskálar og vatnsbrúsar á mið-stöðvarofna.
77	3	Sjónaukar alls konar.
79	9, 14	Grammófónar, hljóðritar (fónógrafar) og hlutar til þeirra.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 25. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 28. desember 1962.

Gylfi Þ. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.